

1864.
27. júní.

úrskurðar um: 1. hvort Þorsteinn prófastur Hjálmarsen í Hítardal og Guðmundur kirkjueigandi Sigurðsson eigi að eignast andvirði ádurgreindra hluta, og ef svo skuli vera, 2. hvort það þá framvegis eigi að vera regla, að lóðareigendurnir, eður þeir er hafa afnot af rekafjörum, framvegis þegar svo er ástatt, sem hér er um rætt, eigi að eignast þau vogrek, sem nefnd eru í opnu bréfi 4. maí 1778 1. gr., ef virðingarverð þeirra ekki fer fram yfir þá upphæð, 15 rd., sem um er rætt í kansellíbr. 26. ágústm. 1809.

Um þetta efni kunngjörir nú stjórnarráðið yður, yður til leiðbeiningar og athugunar, að bæði er það, að opíð br. 2. aprílm. 1853, er aðeins ræðir um vogrek á bændaeignum, ekki getur átt við það tilfelli, sem hér er fyrir hendi, eins og þér, herra amtmaður, einnig hafið álitíð, enda verða eigi heldur þeir hlutir, sem hér er um rætt, heimfærðir undir orðin í opnu bréfi 4. maím. 1778 2. gr.: „smá einstök brot af strönduðum skipum og bátum, sem eru lítils virði“ og samkvæmt þessum orðum verður að skilja kansellíbréfið frá 26. ágúst 1809, með því það bréf einungis nákvæmar ákveður, að 15 rd. skuli vera takmark fyrir verði þeirra vogreka, sem orð þau eiga við, er nú voru tilfærð úr 2. grein hins opna bréfs. Það virðist því vera vafalaust, að hvorki Þorsteinn prófastur Hjálmarsen né Guðmundur kirkjueigandi Sigurðsson hafi rétt til umráða yfir vogrekum þeim, sem bar upp á fjörur þeirra og hér er um rætt, heldur eigi þau að verða eign ríkissjóðsins, eptir að hinn lögboðni frestur er út runninn án þess að eigandinn hafi leitt sig að þeim og sannað eignarrétt sinn. Þau frumrituð fylgiskjöl, er voru með bréfi amtsins, eru hérmeð aptur send.

28. júní.

48. Bréf dómsmálastjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um borgun fyrir læknaennslu af fê spítala-sjóðanna.

Í bréfi 29. októberm. f. á. hafið þér, háæruverðugi herra, skýrt frá, að amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu hafi

1864.
28. júní.

neitað, þangað til nákvæmari ákvörðun yrði gjörð um það efni, að borga af fè Möðrufells spítala eptir tilmælum yðar $\frac{1}{4}$ af þeim 600 rd., sem samkvæmt konungsúrskurði 29. ágústmán. 1862 áttu að borgast árið 1863 af hinum íslenzka læknasjóði til kennslu í læknisfræði hjá landlækninum á Íslandi; hafið þér, háæruverðugi herra, getið þess, að þareð ekkert annað blutfall hafi verið ákveðið, hafið þér álitíð, að greiða ætti einn fjórða part af greindri upphæð úr sjóði hvers eins af spítölunum öllum fjórum, og að þér, eptir að samkvæmt þessu hafi verið búið að borga 150 rd. af fè hvers af þessum þrem spítölunum: Hörgslands-, Kaldadarnes- og Hallbjarnareyrar spítala, hafið borgað þá 150 rd., sem eptir stóðu fyrir Möðrufells spítala, af fè þeirra tveggja spítalanna, er standa beinlínis undir umsjón yðar. Með tilliti til þessa hafið þér beiðzt úrskurðar stjórnarráðsins um, á hvern hátt beri að greiða þá 600 rd., sem að ofan er um rætt, af fè spítalanna.

Eptir að stjórnarráðið nú hefir fengið ítarlegri skýringar um málefni þetta í bréfi yðar, háæruverðugi herra, dagsettu 25. aprílm. þ. á., skal yður hérmeð kunngjört, yður til leiðbeiningar, að dómsmálastjórnin fellst á, að þeim 600 rd., sem eptir allra-hæstum úrskurði 29. ágústm. 1862 fyrst um sinn árlega er varið af fè læknasjóðsins til kennslu í læknisfræði hjá landlækninum á Íslandi, sé skipt niður á sjóði allra fjöggra spítalanna, eins og þér hafið álitíð vera ætti, þannig að einn fjórði hluti upphæðarinnar sé greiddur af fè hvers spítala, og að þessvegna þeir 150 rd., sem árið 1863 voru greiddir fyrir Möðrufells spítala af fè Hörgslands- og Kaldadarnes spítala, verði endurgoldnir sjóðum þessara spítala af fè hins fyrstnefnda spítala.

Því skal við bætt, að stjórnarráðið hefir í dag kunngjört Havstein amtmanni þenna úrskurð sinn.